**90. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
10. september 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030**

Tillögur að endurskoðuðu aðalskipulagi.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að uppfæra skipulagsgögn fyrir næsta fund ráðsins.*

**2. 1809022 - Deilisk. Skógahverfi 1. áfangi - endurskoðun**

Endurskoðun deiliskipulags Skógahverfis I.

*Skipulags- og umvherfisráð þakkar kynningu Árna Ólafssonar arkitekts. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram fyrir næsta fund ráðsins.*

**3. 1802321 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - endurskoðun**

Endurskoðun á deiliskipulagi Skógahverfis 2. áfanga.

*Skipulags- og umvherfisráð þakkar kynningu Árna Ólafssonar arkitekts. Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram fyrir næsta fund ráðsins.*

**4. 1806251 - Deilisk. Dalbrautarreitur - Stillholt 23 - grenndarkynning**

*Tekin fyrir að nýju fyrirspurn Uppbyggingar ehf. og S23 ehf. um að breyta efri hæð hússins við Stillholt 23 í gistiheimili í flokki II.*
*Við nánari yfirferð er málið metið þannig að starfsemin sem sótt er um sé í samræmi við ákvæði aðalskipulags um miðsvæði M4 og ákvæði deiliskipulags Dalbrautarreits, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin sé nýtt undir verslun og þjónustu. Breytt notkun efri hæðar er ekki líkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á nágranna. Því er ekki talin þörf á formlegri grenndarkynningu.*

*Óskað verði eftir frekari rökstuðningi varðandi bílastæðaþörf og metið hvort ástæða sé til að setja á bílastæðargjöld*

**5. 1806187 - Hverfisvernd á eignarlóðum Grenja ehf. - krafa um afnám**

Erindi frá Libra lögmönnum um að hverfisvernd verði afnumin af eignarlóðum Grenja ehf. að Bakkatúni 20, 26, 28 og 30 og af Krókatúni 22-24. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. ágúst síðastliðinn að visa erindinu til umsagnar og e.a. málsmeðferðar hjá skipulags- og umhverfisráði.

*Erindið lagt fram. Sviðsstjóra falin frekari vinnsla málsins.*

**6. 1807128 - Deilisk. Flóahverfi - endurskoðun**

Tillögur að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna skipulagslýsingu á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í Flóahverfi. Skipulagslýsing tæki á breytingu á*

RBS

*fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í Flóahverfi. Skipulagslýsing tæki á breytingu á aðalskipulagi ásamt breytingum á deiliskipulagi Flóahverfis.*

**7. 1809059 - Aðalskipulag - Grenjar - breyting**

*Lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á að aðalskipulagi. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi á svæði Grenja H3, hafnarsvæði lögð fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**8. 1809055 - Deilisk. Grenjar hafnarsv. H3 - vegna Bakkatúns 30-32**

Grenjar ehf. óska eftir breytingu á deiliskipulagi Grenjar hafnarsvæði H3 vegna Bakkatúns 30-32.

*Lögð var fram tillaga að breytingu á hafnarsvæði á Akranesi H3 Grenjar sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Í ágúst 2018. Í breytingartillögu felst að byggingareitur á lóð við Bakkatún 30 er stækkaður til suðvesturs. Byggingarmagn eykst um 2.500 fermetra.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Grenja, samanber 7. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809059)*

**9. 1807054 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 3**

Deiliskipulagsbreytngin felst í að heimilt verði að færa bílskúr austanmegin við húsið, samtímis fellur niður bindandi byggingarlína. Grenndarkynnt var fyrir lóðahöfum á Baugalundi 1, 4, 5, 6, 8, 10 og 12. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningin fór fram frá 3. ágúst til og með 1. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarsjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**10. 1806232 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Fjólulundur 5-7, grenndarkynning**

Breytingin felur í sér að breyta bundinni byggingarlínu við Fjólulund 5 og 7. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Fjólulund 4, 6, 8, 9 11 og 13. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 25. júlí til og með 24. ágúst 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**11. 1712124 - Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi - lykilhlutverk sveitarfélaga**

*Lagt fram til kynningar.*

**12. 1708031 - Vesturgata 119 - samnýting bílastæða**

Ósk eigenda Vesturgötu 119 um viðræður um samnýtingu og frágang á bifreiðaplani lóðarinnar.

*Málið kynnt. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ræða við lóðarhafa varðandi samnýtingu plans og kostnaðarhlutdeild.*

RBS

**13. 1806197 - Akurgerði 21 - umsókn um byggingarleyfi**

Óskað er eftir að fá að rífa núverandi verönd sem byggð er ofaná bílskúr aðliggjandi lóðar og endurbyggja verönd á þeim bílskúr sem tilheyrir umsækjanda.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir eigendum húsa við Akurgerði 19 og 23, Sunnubraut 4 og 5, Suðurgötu 83, 85 og 87, ásamt Kirkjubraut 12.*

**14. 1807063 - Presthúsabraut 23 - erindi til byggingarfulltrúa**

Bréf dags. 2. ágúst 2018 varðandi byggingarframkvæmdir við Presthúsabraut 23.

**15. 1808280 - Garðabraut 23 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Beiðni um endurnýjun lóðarleigusamnings.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofnagreindum samningi.*

**16. 1808179 - Umhverfisviðurkenningar 2018**

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir tilnefningum.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi tillögu að umhverfisviðurkenningum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10.**

Ragnar B Sæmundsson

Gerður Jóh. Jóhannsdóttir

Sindri Birgisson